

## Yfirlit yfir verkefni markaðs- og kynningarfulltrúa frá síðasta fundi 28. febrúar 2019.

**Málsaðili** : Rangárþing ytra  
**Tengiliður** :  
**Dagsetning** : 28.03.2019  
**Númer** : 1808043  
**Flokkur** :

**Efni** :  
Verkefni markaðs- og kynningarfulltrúa frá síðasta fundi 28. febrúar.

Fæðingarorlof: Ég hef að jafnaði tekið einn dag í viku í fæðingarorlof í þessum mánuði.

Ungmennafélag 2019: Ég er starfsmaður Ungmennaráðs og hef verið að undirbúa Ungmennafélag með þeim sem haldið verður miðvikudaginn 3. apríl n.k. Ungmennaráð hefur fundað tvisvar frá síðasta fundi atvinnu- og menningarmálanefndar.

Árshátíð Rangárþings ytra og Ásahrepps: Síðan ég byrjaði hjá Rangárþingi ytra hef ég haft yfirumsjón með þessum viðburði og fer alltaf töluverður tími í undirbúning. Árshátíðin verður haldin föstudaginn 29. mars að Laugalandi.

Sorpstöð Rangárvallasýslu: Markaðs- og kynningarfulltrúar Rangárþings eystra og ytra halda utanum Facebook síðu Sorpstöðvar Rangárvallasýslu í samstarfi við starfsmenn Sorpstöðvarinnar. Einnig er í undirbúningi kynningarefni vegna lífrænnar flokkunnar sem áætlað er að hefjist í maí. Stefnt er að því að kynningarefni verði tilbúið fyrir páska.

Landsmót hestamanna 2020: 25% af minni dagvinnu fer í að undirbúa viðburðinn Landsmót hestamanna 2020. Ég er jafnframt formaður verkefnisstjórnar og fundar verkefnisstjórn LM2020 á tveggja vikna fresti. Kynningarefni er unnið í samstarfi við Sahara auglýsingastofu, nú þegar eru seldir yfir 30 miðar á viðburðinn sem verður haldinn 6. ? 12. júlí 2020.

Rangárþing Ultra: Undirbúningi miðar vel, opnað verður fyrir skráningu 10. Apríl. Undirbúningur viðburðarins er samstarfsverkefni Rangárþings eystra og Rangárþings ytra. Facebook síða er til fyrir viðburðinn. 2 fundir frá síðasta fundi nefndarinnar.

Oddi bs: Ég hef séð um að láta setja upp og koma í dreifingu auglýsingum fyrir Odda bs vegna starfsmanna á leikskóla, skólastjóra grunnskólans á Hellu og fleira.

Heimasíða sveitarfélagsins: Dagleg umsjón, innsetning efnis, ábyrgð, fréttir o.fl.

Öryggistrúnaðarmaður: Sem öryggistrúnaðarmaður skrifstofu Rangárbings ytra sótti ég tveggja daga námskeið fyrir öryggistrúnaðarmenn og öryggisverði í mánuðinum. Ég hef í framhaldi séð um mál sem snúa að Vinnueftirlitinu á skrifstofunni og einnig aðstoðað leikskólann Heklukot.

Aðrir fundir: Oft er það sem leitað er til mín vegna hugmynda að verkefnum, viðburða í sveitarfélaginu, nýrri uppbyggingu og þess háttar. Í mars voru þeir fundir fjórir og fylgir þeim alltaf einhver eftirfylgni.

Stefnumótun í ferðaþjónustu: Eftir síðasta fund fékk ég til okkar Þórð verkefnisstjóra hjá SASS og Laufey og Dagný frá Markaðsstofu Suðurlands til þess að fara yfir næstu skref í þessu verkefni. Ég hef ekki haft nægilegan tíma til þess að halda áfram með þetta verkefni en fer yfir það sérstaklega á fundinum.

Hellubók: Kominn er nýr einstaklingur inní það verkefni, Harpa Rún Kristjánsdóttir, sem hefur gefið verkefninu verulega innspýtingu. Mitt hlutverk var að koma henni inní verkefnið og aðstoða í kjölfarið við myndaöflun eftir því sem beðið er um.

Búkolla: Ekki stórt verkefni, en búkolla er sett á vefið alla þriðjudaga fyrir hádegi.

Upplestrarkeppnin í Grunnskólanum á Hellu: Síðustu fjögur ár hef ég verið fenginn til þess að dæma þessa keppni, ekki stórt verkefni og fer allt í allt um 2klst í það.

Auglýsingar: Boð til sveitarfélagsins um að auglýsa í hinum ýmsu miðlum koma í flestum tilfellum öll til mín og svara ég þeim.

Samningar við félög: Ég hef haft umsjón með samskiptum vegna samningagerðar milli sveitarfélagsins og viðkomandi félags. Í mars voru kláraðir samningar við Flugbjörgunarsveitina á Hellu og Golfklúbbinn Hellu, Rangárvöllum.

Töðugjöld: Byrja að huga að kynningarefni fyrir 2019, skanna landslagið hvað varðar skemmtikrafta. Fyrsti fundir með því hverfi sem kemur að skipulagningu í ár verður haldinn fyrir páska.

SouthWest kortið: Sameiginlegur fundur með markaðs- og kynningarfulltrúum af því svæði sem tilheyrir kortinu til þess að ræða framhaldið.

Samstarf: Samskipti við verkefnisstjóra hjá SASS og markaðsstofu Suðurlands. Ég verð fundarstjóri ráðstefnu í tengslum við aðalfund Markaðsstofu Suðurlands og hef

skipulagt örferð um svæðið þann 5. apríl n.k.

Starfsmaður atvinnu- og menningarmálanefndar: Samantekt fyrir fundi og samvinnu um verkefni.

Starfsmaður íþróttá- og tómstundaneftndar: Ekki var haldinn fundur í nefndinni í mánuðinum.

Veik börn: Án þess að það sé beint verkefni en ég var 4 daga heima með veik börn í mánuðinum.

Nýbúabæklingur: Mér hefur ekki unnist tími til þess að leggja lokahönd á það verkefni.

Ég held ég sé ekki að gleyma miklu í þessari samantekt en þið spyrjið að sjálfsögðu eins og þið viljið útí verkefni.